

Sjötti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn mánudaginn 14. febrúar, 2011, kl. 20:00 að heimili Ingibjargar Einarsdóttir, að Neðstaleiti 3, Reykjavík.

Fyrirlesari: Ragna Árnadóttir fyrrverandi dómsmálaráðherra.

Tekið fyrir:

1. **Fundarsetning:** Formaður, Kristin Jónsdóttir, setti fund kl. 20:00, bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Nafnakall fylgdi. Alls sóttu 30 konur fundinn.

2. **Fundargerð síðasta fundar:** Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

3. **Kveðja og kynning:** Ingibjörg Jónasdóttir bar kveðju frá Herthu sem er á sjúkrahúsi. Hún kynnti gest sem hún tók með sér á fundinn, Steinunni Aðalsteinsdóttur, úr Z-deild og formann uppstillingarnefndar DKG. Formaður bauð Steinunni sérstaklega velkomna.

4. **Komandi atburðir og styrkir:** Formaður minnti fundarkonur á eftirfarandi: a) Alþjóðlegir styrkir og námsstyrkjasjóður sem styrkir félagskonu í framhaldsnámi um kr. 100.000.-; b) Evrópuþingið í Baden Baden; c) Landssambandsþingið á Suðurnesjum 7.-8. maí nk. Formaður auglýsti eftir framlögum; d) Gönguhópurinn röltir um bæinn á morgun; e) Fagnaður Eta-deildar verður í Nauthól 18. mars nk. f) Næsta fundur deildarinnar verður haldinn þann 16. mars heima hjá Anh-Dao og verður gestur okkar Steinunn Guðbjartdóttir.

5. **Orð til umhugsunar:** Þau voru að þessu sinni flutt af Hildi Skarphéðinsdóttur. Hún byrjaði á að þakka fyrir að fá að vera í þessum félagsskap með konum á öllum aldri sem gæfu svo mikið. Síðan ræddi hún um fyrirhugaðar breytingar hjá Reykjavíkurborg vegna fjárhagsstöðu borgarinnar, sameiningu fámennra leikskóla, leik- og grunnskóla og grunnskóla. Hún nefndi sem dæmi að nú væru aðeins 35 börn í Barónsborg. Slíkar sameiningar lítilla eininga hefðu átt sér stað á undanföllum árum í Svíþjóð og Danmörku, sem dæmi, og þar væri jafnvel ein stofnun í fjórum til fimm húsum. Hún sagði orðin *faglegt* og *ófaglegt* notuð á sérkennilegan hátt í umræðunni um þessar breytingar. Henni kemur á óvart hvernig fólk, bæði almennir borgarar og starfsmenn, bregst við þessum sparnaðaraðgerðum. Hildur sagðist búast við að eftir 10 ár yrði spurt af hverju þetta hefði ekki verið gert fyrr.

6. **Reynsla ráðherra:** Formaður kynnti gest fundarins **Rögnu Árnadóttur, fyrrverandi dómsmálaráðherra**, og rakti feril hennar.

Ragna sagði í upphafi frá því þegar hún hóf störf í forsætisráðuneytinu árið 2009. Þá blasti við henni veggur með myndum af ríkisstjórnnum landsins, nánast eintómir karlar, ein og ein kona. Henni fannst þetta skjóta mjög skökku við. Sem ung kona sagist Ragna hafa trúð að því að jafnrétti ríkti milli kynjanna, það væri sjálfsagður hlutur. Blöðin *Forvitin rauð* sem Rauðsokkahreyfingin gaf út og *Vera* sem Kvinnalistinn gaf út, höfðu ekki til hennar. Nú sagðist hún sjá að þetta hafi annað hvort verið uppreisn gegn móður sinni sem var kvenfrelsiskona eða að hún vildi alls ekki vera fórnarlamb. Hún vildi mennta sig, sjá fyrir sér sjálf, vera engum háð og ekki tilheyra hópi sem ætti bágt. En svo kom hrunið! Þá fór hún fyrir alvöru að velta fyrir sér af hverju konur hefðu ekki haft meiri áhrif. Hún spurði sig: Gera konur hlutina eitthvað öðru vísi en karlar?

Þegar Ragna var orðin ráðherra var hún oft spurð hvort það væri öðru vísi að vera kona í ríkisstjórn en karl. Svarið væri já. Þegar hún sat í herbergi með ríkisstjórninni fann hún að þarna var mikil vald saman komið. Karlarnir gátu alltaf gantast í byrjun funda, talað um fótboltann og góða leikinn í gær. Þá var hún fyrir utan. Verst þótti Rögnu þegar talað var um þá tvo ráðherrana utan flokka og sagt var að Gylfi væri gáfaður en Ragna smart! Það var ekki ánægjulegt í þessum hópi þar sem völdin lágu. Hún fann fyrir pressunni um að taka ákvarðanir strax, ekki mætti hika við til að mark væri tekið á henni. Þetta hugnaðist Rögnu illa. Hún vildi gefa sér tíma til að hlusta og skoða málin, efast, vildi fá rök frá félögum sínum, vildi skilja hlutina o.s.frv. Það hamlað stjórnámálum, sagði Ragna, að það er tímafrekt að setja sig inn í mál og skilja til hlítar. Ragna vildi nota sínar

aðferðir, vildi fá að hugsa málið, bera undir hópa nokkrar leiðir o.s.frv. Slíkt finnst mörgum körlum heigulsháttur og ekki síður ef hún spurði Hvað viljið þið? Þar kom að hún byrsti sig og þá breyttust viðhorfin. Ragna fór ekki að hugsa um jafnréttismálin fyrr en fór að líða á ráðherratímann, sem dæmi þegar hún var sögð vera handbendi einhvers karls eins og t.d. Björns Bjarnasonar. Hún þoldi það illa því hún hefur alltaf lagt áherslu á að vera embættismaður.

Erfiðasta málið í ráðherratíðinni var brottvísun hælisleitenda. Það var erfitt að útskýra afstöðu sína fyrir fréttamönnum, en útskýringar hennar voru birtar. Kannski fann fólk að hún talaði af þekkingu. Ragna taldi að hún hefði verið valin sem ráðherra vegna þekkingar sinnar. Það fór enginn að skipa henni fyrir þegar hún var orðin ráðherra.

Hún ákvað að vera opin, opna upp á gátt. Hún byrjaði á tengslamyndun við þingmenn úr báðum fylkingum, stjórn og stjórnarandstöðu, vildi heyra sem flest sjónarmið. Svo mörg mál voru þess eðlis að ekki þurfti að rífast um þau. Sumir í stjórnarandstöðu vildu frekar vinna með henni en stjórnarmálamönnunum. Ragna talaði um framkomu og umræður í þinginu. Þar eru sumir með dónaskap og skæting. Hún spurði: Vill fólk það? En stjórnarandstaðan reyndi ekki að ráðast á hana. Hún fór hiklaust í pontu og sagði: „Já, en“

Fyrsta morguninn í starfinu fór hún og heilsaði upp á alla í ráðuneytinu og bað fólk að vinna með sér og hjálpa sér í þessa þrjár mánuði sem hún taldi að hún sæti á ráðherrastóli. Hún taldi vinnu sína frá upphafi vera samvinnuverkefni innan ráðuneytisins. Ragna vildi að ráðuneytisfólkið hefði samband við fólk í öðrum geirum til að fá þannig fleiri sjónarhorn og spyrja sig: „Erum við hugsanlega að gera allt rétt?“ Fólk fór að hugsa á öðrum nótum. Hún hefur tekið eftir að sumir karlar eru hræddir við að deila völdum. Hún sagðist aldrei hafa sagt nei við fjölmiðla en bað þá stundum að bíða, svaraði öllum tölvupóstum, veitti fólki viðtöl og talaði við mótmælendur. Hún minntist borgarafundar í Háskólabíó þegar hún hafði verið ráðherra í 20 daga þar sem hún var beðin í lokin að svara já eða nei við spurningu. Það væri stíllinn. Þegar hún var ekki örugg með það sem hún var að gera hugsaði hún bara að það gerðist ekkert verra en að hún missti starfið! Hún leit á starfið sem tækifæri.

Að lokum sagðist Ranga nú gera sér betur grein fyrir því en áður að það eru ekki konur sem ráða. Hún sagðist aldrei hefði sagt þetta fyrir svona þremur árum. Nú sér hún að konum er ekki hleypt að, það er ekki hlustað á þær. Nú sér hún að það er alrangt að konur veigri sér við að taka hlutina að sér en þær vilja oft kynna sér málin betur. Það er allt í lagi að neita að taka eitthvað að sér af því þekkingin sé takmörkuð. Nú er mikilvægt að finna flöt sem nær til ungra kvenna. Umræðan um kynferðisofbeldi er of þröng í þeim efnum. Það þarf að finna leið til að nálgast ungar konar sem halda að hér sé jafnrétti milli kynjanna.

7. Umræður (fyrir og eftir veitingar): Að erindi Rögnu loknu svaraði hún fyrirspurnum fundarkvenna. Aðspurð um hvernig það væri að vera ekki í flokki en vera ráðherra, svaraði hún því til að í uppeldinu hefðu mörg sjónarmið fengið hljómgrunn. Hún fór ung með foreldrum sínum til Danmerkur, faðir hennar var með sítt hár og þau keyptu bæði Morgunblaðið og Þjóðviljann auk þess sem Tíminn var keyptur á neðri hæðinni í fjölskylduhúsinu. Hún hefði grætt á því sem ráðherra að vera ekki pólitísk. Hún var engum ógn, því réðust þingmenn ekki á hana. Hún sagði strax skýrt að hún ætlaði ekki að bjóða sig fram. Ragna var spurð um samskipti sín við lögreglumenn. Þeir sögðu í fyrstu að hún vissi ekkert í sinn haus og væri í engum tengslum við raunveruleikann. Þeir sendu jafnvel nafnlaus bréf í fjölmiðla. Hún hvatti þá til að senda sér tölvupóst og lofaði að svara. Þá lærði hún smám saman að það var ekki niðurskurður sem angraði þá heldur eitthvað allt annað. Lögreglukonur eiga greinilega á brattann að sækja. Umræður urðu í lokin um framtíðina og hvað við mundum læra af hruninu.

8. Veitingar bornar fram í boði nokkurra félagskvenna.

9. Eftirminnileg jarðsetning: Vilborg Dagbjartsdóttir sagði í lokin frá jarðsetningu eignmanns Guðbergs Bergssonar, rithöfundar, sem Guðbergur annaðist sjálfur og hafði verið mjög áhrifarík.

10. Formaður pakkaði Rögnu fyrir erindið og umræðurnar og færði henni rós að gjöf. Þá færi hún húsráðanda Ingibjörgu Einarsdóttur, rós fyrir hútaskjólið, slökkti á kertunum og sleit fundi kl. 10:30.

GGÓ fundarritari